

Kjarna Reykjadal 12.03.07.

Þriðji fundur í samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldæla- , Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Mættir voru: Reinhard Reynisson, Ásvaldur Þormóðsson, Erlingur Teitsson, Böðvar Pétursson, Bjarni Höskuldsson, Kristín Linda Jónsdóttir og Dagbjört Bjarnadóttir.

Formaður setti fund:

1. Farið yfir drög að samningi við Reinhard Reynisson, samningsdrögin rædd lið fyrir lið. Samstarfsnefnd um sameiningu samþykkir að ráða Reinhard Reynisson sem verkefnisstjóra við undirbúning að sameiningu ofantalinna sveitarfélaga. Gengið frá samningi og hann undirritaður.
2. Bókun: Samstarfsnefnd óskar eftir að fjársýsla, þar með taldar launagreiðslur verði hjá skrifstofu Þingeyjarsveitar. Það er skilningur nefndarinnar að kostnaðarskipting verði miðuð við íbúafjölda, enda greiðslur Jöfnunarsjóðs við það miðaðar.
3. Lagt var fram minnisblað með helstu málaflokkum, sem skoða þarf vegna hugsanlegrar sameiningar. Farið yfir þessa málaflokka með Reinhard, sem mun gera úttekt á nokkrum þáttum. Reinhard tók að sér að kanna möguleika á að fá fagaðila til að gera úttekt varðandi menntamál sveitafélaganna.

Samþykkt: